

## Sár af völdum slyss

Sár eru skilgreind á marga vegu eftir legu, umfangi og dýpt sársins og áverka á innri vefi.

Húðin er stærsta líffæri mannlíkamans. Hún ver líkamann gegn áreiti ytra umhverfis svo sem bakteríum, tekur þátt í hita- og vökvastjórnun líkamans og er mikilvægt skynfæri.

Það er mikilvægt að leita alltaf bestu leiða við að láta sár gróa. Þegar hinn slasaði kemur á slysaveild er strax metið hversu djúpt sárið er og með hvaða hætti er best að loka því.

### Mikilvæg símanúmer:

#### Slysa- og bráðadeild Landspítala í Fossvogi

Sími: **543-2000**

#### Endurkomudeild G-3 Landspítala í Fossvogi

Sími: **543-2040**

ÚTGEFANDI:  
LANDSPÍTALI - HÁSKÓLASJÚKRAHÚS  
SLYSA- OG BRÁÐASVIÐ - JÚNÍ 2003

HÖFUNDAR:  
STARFSFÓLK  
SLYSA- OG BRÁÐADEILDAR  
OG ENDURKOMUDEILDAR

HÖNNUN:  
GAGNASMIÐJA/AV

LJÓSMYND: MBL.IS

# Sár og sárameðferð



## Meðferð á slysa- og bráðadeild

Meðferðin byggir á:

- Nákvæmum upplýsingum um slysið.
- Líðan hins slasaða.
- Skoðun og mati á áverkanum.
- Almennu heilsufari hins slasaða.

## Deyfing

Til eru nokkrar aðferðir við deyfingu sára. Algengast er að sprautað sé deyfingu í eða kringum sárið en í sumum tilvikum er notuð deyfing í krem- eða úðaformi.

## Sárameðferð

Byrjað er á því að hreinsa sárið og er þá ýmist notað kranavatn eða saltvatn. Óhreinindi og aðskotahlutir eru fjarlægðir. Sárið er skoðað og kannað hvort orðið hefur innri skaði. Í slíkum tilvikum getur þurft frekari aðgerðar við. Sum sár eru snyrt áður en þeim er lokað.

## Tilgangur sáralokunar:

- Draga úr sýkingarhættu.
- Minnka eða stöðva blæðingu.
- Flýta því að sárið grói.
- Minnka líkurnar á því að ör myndist.

Sárum er lokað með saumum, sáraplástrum, sáralími, sárahefti eða umbúðum.

## Stífkrampabólusetning

Ef sárið er bit af völdum manna eða dýra eða ef jarðvegur eða dýraúrgangur hefur komist í það getur þurft að bólusetja hinn slasaða gegn stífkrampa.

## Sýklalyf

Það telst til undantekninga að sýklalyf séu gefin sem fyrirbyggjandi meðferð.

## Verkir

Fyrstu 12 - 24 klukkustundirnar er eðlilegt að finna fyrir sviða í sárinu. Ef blæðir í vefina í kring getur verið þrýstingsverkur í kringum sárið í 1 - 2 sólarhringa.

Verkjalyf sem hægt er að fá án lyfseðils í lyfjabúðum má taka í ráðlögðum skömmtum. Verkir eiga að minnka og vera að mestu horfnir eftir 1 - 2 sólarhringa. Aukist þeir er rétt að hafa samband við slysa- og bráðadeild.

## Umbúðir

Til eru fjölmargar gerðir sáraumbúða.

Hlutverk þeirra er að:

- Hlifa sárinu fyrir utanaðkomandi áhrifum.
- Hlifa umhverfinu fyrir blóði og vessa.
- Gefa stuðning með spelkum.
- Skapa þrýsting til að hindra blæðingu.
- Draga til sín blóð og vessa úr sárinu.
- Halda réttu hita- og rakastigi svo að sárið grói.
- Draga úr óþægindum.

## Ráðleggingar og eftirlit heima

Sár eru meðhöndluð á misjafnan hátt eftir eðli þeirra, orsökum, staðsetningu, dýpt, innri skaða, lækni meðferð, aldri og almennu heilsufari einstaklingsins. Ráðleggingar eru því mismunandi.

## Hreyfing og hollusta

Rétt er að hafa hægt um sig fyrsta sólarhringinn. Almenn hreinlæti, hófleg hreyfing og holl fæða hafa jákvæð áhrif á það hvernig sárin gróa.

## Umgengi við sár og umbúðir

Mikilvægt er að hugsa vel um umbúðirnar, halda þeim hreinum og skipta um þær samkvæmt ráðleggingum. Ef blæðir eða vessar í gegnum umbúðirnar, þær gegnblotna, eru of þröngar eða of lausar er ráðlegt að hafa samband við slysa- og bráðadeild. Vaxandi verkir, sláttur í sárinu, hiti, roði, bólga eða graftarvessi eru einkenni sýkingar. Ef þessi einkenni koma fram er nauðsynlegt að láta skoða sárið aftur.

## Saumarnir teknir úr

Saumarnir eru oftast fjarlægðir eftir 7-10 daga. Í flestum tilvikum er það gert á heilsugæslustöð nema annað sé ráðlagt.

## Hvenær er sárið fullgróið?

Sár gróa mishratt eftir eðli þeirra, staðsetningu og dýpt og eftir aldri og heilsufari einstaklingsins. Sár eru almennt talin fullgróin eftir 10-12 vikur. Örið hefur fengið endanlegt útlit eftir u.þ.b. 1 ár.